

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um forgangsrétt til tilkynninga um skráningu á vörumerkjum, nr. 436/1990.

1. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983,“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

2. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983,“ í 1. mál. 1. mgr. 2. gr. kemur: eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 46. gr., sbr. 18. og 30. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

*Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995 og um breytingu á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995.

I. KAFLI

**Breytingar á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995.**

1. gr.

Orðin „eða afrit“ í 5. töl. 1. mgr. 1. gr. falla niður.

2. gr.

Í stað orðanna „eða 1. mgr. 20. gr. ell.“ í 6. töl. 1. mgr. 1. gr. kemur: eða 3. mgr. 19. gr. ell.

3. gr.

7. töl. 1. mgr. 1. gr. orðast svo:

7) Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:

- |   |       |
|---|-------|
| a) grunnjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi .....         | 6.000 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40 .....   | 550   |
| c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsókna ..... | 1.300 |